



Vínblaðið

3. tbl. 11. árg. September 2013

FRÍTT EINTAK!

 VÍNBUÐIN



OPNUNARTÍMI

VÍNBUÐA

Höfuðborgarsvæðið

	mán.-fim.	fös.	lau.	sími	heimilisfang
Austurstræti	11-18	11-19	11-18	562-6511	Austurstræti 10a, 101 Rvk
Borgartún	11-18	11-19	11-18	561-8001	Borgartúni 26, 105 Rvk
Dalvegur	10-20	10-20	11-18	564-5070	Dalvegi 2, 201 Kóp
Eiðistorg	11-18	11-19	11-18	561-1800	Eiðistorgi 13, 170 Seltj.
Hafnarfjörður	11-18	11-19	11-18	565-2222	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafn
Heiðrún	11-18	11-19	11-18	560-7701	Stuðlahálsi 2, 110 Rvk
Kringlan	11-18	11-19	11-18	568-9060	Kringlunni 4-12, 103 Rvk
Mosfellsbær	11-18	11-19	11-18	586-8150	Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
Skeifan	10-20	10-20	11-18	588-3100	Skeifunni 5, 108 Rvk
Skútuvogur	10-20	10-20	11-18	568-9008	Skútuvogi 2, 104 Rvk
Smáralind	11-18	11-19	11-18	544-2112	Hagasmára 1, 201 Kóp
Stekkjarkakki	11-18	11-19	11-18	567-0400	Stekkjarkakka 6, 109 Rvk

Sjá upplýsingar um opnunartíma og netföng á www.vinbudin.is

Landsbyggðin

	mán.-fim.	fös.	lau.	sími	heimilisfang
Akranes	Sept-maí Júní-ágúst	12-18 11-18	11-19 11-19	11-14 11-16	431-2933 Þjóðbraut 13, 300 Akranes
Akureyri	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 14-18	14-19 13-19	lokað 11-14	462-1655 Hólabraut 16, 600 Akureyri
Blönduós	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 14-18	14-19 13-19	lokað 11-14	452-4501 Aðalgötu 8, 540 Blönduós
Borgarnes	Sept-maí Júní-ágúst	12-18 11-18	11-19 11-19	11-14 11-16	431-3858 Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnes
Búðardalur	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-19	lokað 12-14	434-1303 Vesturbraut 15, 370 Búðardalur
Dalvík	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 11-18	12-19 11-19	lokað 11-14	466-3430 Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
Djúpivogur	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-18	lokað lokað	478-8270 Búlandi 1, 765 Djúpivogur
Egilsstaðir	Sept-maí Júní-ágúst	12-18 11-18	11-19 11-19	11-14 11-16	471-2151 Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
Fáskrúðsfjörður	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-18	lokað lokað	475-1530 Skólavegi 59, 750 Fáskrúðsfjörður
Flúðir	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 11-18	14-18 11-19	12-14 11-16	487-8701 Akurgerði 4, 845 Flúðir
Grindavík	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 16-18	12-18 13-18	lokað lokað	426-8787 Víkurbraut 62, 240 Grindavík
Grundarfjörður	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-18	lokað lokað	438-1220 Grundargötu 38, 350 Grundarfjörður
Hella	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 11-18	14-19 11-19	11-14 11-16	487-8487 Suðurlandsvegi 1, 850 Hella
Hólmavík	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-19	lokað 12-14	461-2114 Höfðatúni 4, 510 Hólmavík
Húsavík	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 11-18	14-19 11-19	lokað 11-14	464-2230 Garðarsbraut 21, 640 Húsavík
Hvammstangi	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-18	lokað lokað	455-2321 Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
Hveragerði	Sept-maí Júní-ágúst	12-18 11-18	11-19 11-19	11-16 11-16	481-3932 Breiðumörk 1, 810 Hveragerði
Hvolsvöllur	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 11-18	14-19 11-19	11-14 11-16	486-1886 Austurvegi 3, 860 Hvolsvöllur
Höfn	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 14-18	14-19 11-19	lokað 11-16	471-3267 Miðbær, Litlabrú 1, 780 Höfn
Ísafjörður	Sept-maí Júní-ágúst	12-18 11-18	11-19 11-19	11-14 11-16	456-3455 Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður
Kirkjubæjarklaustur	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-19	lokað 12-14	482-2122 Klausturvegi 15, 880 Kirkjubæjarklaustur
Neskaupstaður	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 14-18	14-18 13-19	lokað 11-14	477-1890 Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður
Ólafsvík	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 14-18	14-18 13-19	lokað 11-14	436-1226 Ólafsbraut 55, 355 Ólafsvík
Patreksfjörður	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 14-18	14-19 14-19	lokað 11-14	456-2244 Þórgötu 8, 450 Patreksfjörður
Reyðarfjörður	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 11-18	14-19 11-19	11-14 11-16	474-1406 Hafnargötu 2, 730 Reyðarfjörður
Reykjanesbær	Sept-maí Júní-ágúst	12-18 11-18	11-19 11-19	11-14 11-16	421-5699 Krossmóm 4, 260 Reykjanesbær
Sauðárkrókur	Sept-maí Júní-ágúst	12-18 11-18	11-19 11-19	11-14 11-16	453-5990 Smáragrund 2, 550 Sauðárkrókur
Selfoss	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-18	lokað lokað	482-2011 Vallholti 19, 800 Selfoss
Seyðisfjörður	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-18	lokað lokað	472-1101 Hafnargötu 4a, 710 Seyðisfjörður
Siglu fjörður	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 14-18	14-19 13-19	lokað 11-14	467-1262 Eyrargötu 25, 580 Siglu fjörður
Stykkishólmur	Sept-maí Júní-ágúst	14-18 14-18	14-18 13-19	lokað 11-14	430-1414 Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur
Vestmannaeyjar	Sept-maí Júní-ágúst	12-18 11-18	11-19 11-19	11-14 11-16	481-1301 Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar
Vík í myrdal	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-19	lokað 12-14	486-8660 Ránarbraut 1, 870 Vík
Vopnafjörður	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-18	lokað lokað	471-2200 Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður
Þorlákshöfn	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-18	lokað lokað	481-3963 Selvogsbraut 41, 815 Þorlákshöfn
Þórshöfn	Sept-maí Júní-ágúst	17-18 16-18	14-18 13-18	lokað lokað	468-1106 Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn

EFNISYFIRLIT

Leiðari	2
Fréttir úr Vínbúðunum	3
Bourgogne	4
Fréttir úr Vínheiminum	6
Gott lundafar	8
Boeuf Bourguignon	10
Gyllta glasið	12
Fjölbreytni bjórs	14
Hráefni í bjórgerð	16
Helstu flokkar bjórs	17
Árgangatafla ÁTVR	18
Vöruskrá	19

Vöruskrá

• Rauðvín	20
• Hvítvín	32
• Sætvín	42
• Rósavín	43
• Freyðivín	44
• Kassavín	46
• Styrkt vín og kryddvín	48
• Bitter og líkjör	50
• Sterkt áfengi	52
• Annað áfengi undir 15%	57
• Bjór	58
• Gjafavara	62
• Óáfengt	62
• Bjórkútar	62
• Viðurkennd lífræn vottun	63

Matartákn

64

Vínblaðið, 3. tbl. 11. árg. september 2013

Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Ivar J. Arndal

Ritstjóri: Guðfinna Ásta Birgisdóttir

Ritstjórn: Gissur Kristinsson, Guðfinna Ásta Birgisdóttir,

Júlíus Steinarsson, Páll Sigurðsson og Skúli Þ. Magnússon

Hönnun, umbrot og prentun: Oddi umhverfismarkaðs / P13.05.452



ISSN-1670-7532

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbudin.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.



Leiðari

VÁLYND (SUMAR)VEÐUR

Veðrinu í sumar hefur verið misskipt, eins og flest sumar reyndar á Íslandi. Við sem búum á 64. til 66. norðlægrar breiddargráðu, sem á flestum öðrum stöðum á norðurhveli telst svo norðarlega að það er nánast óbyggilegt, getum ekki búist við öðru en að veður geti verið válynd á öllum tímum ársins. Hugsanlega er það vísbending um áhrif hlýnunar jarðar að við erum orðin nokkuð kröfuhörð á veðurfarið á sumrin og jafnvel svo að við verðum fyrir vonbrigðum ef það gengur ekki eftir. Í ár þróaðist veðurfarið þannig að á Norður- og Austurlandi taldist veðrið betra en á Vestur- og Suðurlandi. Það þarf ekki að vera þannig í sögulegu samhengi, en áhugavert er að skoða áhrif þess á áfengissöluna í sumar. Heildarsala fyrri hluta sumars (maí til júlí) dróst saman um 0,7% miðað við árið 2012, en áður hafði sala ársins aukist um tæplega 1%. Heilt yfir virðist veðurfar því hafa leitt til samdráttar í sölu, þó að aðrir þættir hafi vissulega áhrif. Söluþróunin hefur einnig verið nokkuð misskipt eftir landshlutum og styður það áhrif veðurlags á áfengissöluna. Til að mynda var söluaukning á tímabilinu 14,6% á Austurlandi og 5,6% á Norðurlandi, einmitt þar sem veður þótti með betra móti þetta sumarið. Á móti var samdráttur á höfuðborgarsvæðinu 3,1%, sem er töluvert í samanburði við sölu mánuðina á undan. Á Vesturlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi var samdrátturinn innan við 1%. Veðurfar virðist því hafa töluvert að segja varðandi áfengissöluna, eins og margt annað, og mörgum (ég er í þeim hópi) finnst örugglega slæmt að geta ekki séð þessa þróun fyrirfram til að gera viðeigandi ráðstafanir!

Í Vínblaðinu að þessu sinni beinum við sjónum okkar að Búrgúndíhéraði í Frakklandi. Héraðið er einstaklega fallett og sagan drýpur af hverri byggingu, eins og einhver sagði. Þar eru einnig mörg af bestu léttvínunum heims framleidd og víngerðarsagan mörg þúsund ára gömul. Við ætlum aðeins að tæpa á sögunni og einkennum vína héraðsins í blaðinu. Júlíus vínráðgjafi ætlar síðan að segja frá hefðbundinni mataruppskrift frá Búrgúndi og deila með okkur eftirminnilegri matarminningu. Að lokum verður umfjöllun um bjór, en aðrir bjórar en lagerbjórar hafa verið í mikilli sókn undanfarin misseri og tími þeirra er oft tengdur við októbermánuð.

Verði ykkur að góðu!

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs



Stekkjarbakki

Framkvæmdir hófust í byrjun ágúst við endurbætur á Vínbúðinni Stekkjarbakka. Allt yfirbragð búðarinnar verður gert léttara og bjartara auk þess sem kæliur verður settur upp. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki á haustmánuðum.



Vínbúðin Patreksfirði flutt

Vínbúðin Patreksfirði opnaði í lok júní í nýju og glæsilegu húsnæði að Þórsögðu 8. Á sama tíma breyttist opnunartími.

Vetrartími (sept. – maí) :

Mánudagar – fimmtudagar: 14:00 – 18:00
Föstudagar: 14:00 – 19:00
Laugardagar: lokað

Sumartími (júní – ágúst) :

Mánudagar – fimmtudagar: 14:00 – 18:00
Föstudagar: 14:00 – 19:00
Laugardagar: 11:00 – 14:00

Við bjóðum viðskiptavinum velkomna á nýja staðinn!

Flúðir

Frá því að Vínbúðin á Flúðum var opnuð í júní 2009 hefur viðskiptavinum fjölgað og salan aukist jafnt og þétt. Vínbúðin var í upphafi 100 tegunda Vínbúð, en vegna fjölda viðskiptavina og mikillar sölu þá var ákveðið að fjölga tegundum um helming og auka opnunartímann.

Vínbúðin er áfram til húsa að Akurgerði 4, Flúðum.

Vetrartími (sept. – maí) :

Mánudagar – fimmtudagar: 14:00 – 18:00
Föstudagar: 14:00 – 18:00
Laugardagar: 12:00 – 14:00

Sumartími (júní – ágúst) :

Mánudagar – fimmtudagar: 11:00 – 18:00
Föstudagar: 11:00 – 19:00
Laugardagar: 11:00 – 16:00



ÁTVR hlýtur gullmerki í jafnlaunaúttekt PwC

ÁTVR hefur hlotið Gullmerki í jafnlaunaúttekt PwC. Úttektin greinir kynbundinn launamun innan fyrirtækja og metur hvort fyrirtæki greiði báðum kynjum sömu laun fyrir sambærileg störf. ÁTVR fékk engar athugasemdir við úttektina og þurfti ekki að gera neinar sérstakar úrbætur eða breytingar til þess að hljóta Gullmerkið. Jafnlaunaúttektin greinir upplýsingar um raunverulegan launamun kynjanna þegar tekið hefur verið tillit til þeirra þátta sem mest hafa áhrif á laun s.s. menntun, aldur, starfsaldur, starfaflokk og vinnustundir. Til að hljóta Gullmerkið þurfa fyrirtæki að hafa 3,5% eða minni launamun. Í niðurstöðum úttektarinnar er hlutfall hjá ÁTVR talið óverulegt og ekki hægt að greina að ÁTVR sé að greiða kynjunum mismunandi laun fyrir sambærileg störf. ÁTVR er stolt af árangrinum og lítur á hann sem viðurkenningu á þeirri jafnréttishugsun sem er hluti af mannauðsstjórnun fyrirtækisins.

BOUR



Höfuðstöðvar á meðan ég dvel í Bourgogne eru í Dijon, borginni sem hið fræga sinnep er kennt við. Í Dijon sinnep, sem að margra mati ber af öðru sinnepi, er notaður súr safi úr óproskuðum vínberjum í staðinn fyrir edik sem annars er notað. Við verðum að minnast á drykkinn Kir, hvítvín bragðbætt með Cassis (sólberjalíkjör). Drykkurinn var upphaflega kallaður blanc-cassis en var síðar nefndur eftir Félix Kir borgarstjóra Dijon, en hann var mjög virkur í andspyrnuhreyfingu Frakka í seinni heimsstyrjöldinni og naut mikillar hylli borgarbúa. Borgarstjórinn gerði þennan drykk síðan vinsælan með því að bjóða upp á hann í öllum móttökum og boðum sem hann hélt. Að sumu leyti var þetta gert til að styðja við vingerð í héraðinu.

Þó Bourgogne hafi eflaust getið sér meiri frægðar fyrir bæði rauðu og hvítu vínin sem þar eru framleidd, þá má ekki gleyma að þaðan koma margir frægustu réttir úr frönsku eldhúsi. Má þar nefna coq au vin eða hana í rauðvíni, snigla í hvítlaukssmjöri, og síðast en ekki síst bœuf bourguignon, nautakjöt í rauðvíni. Þó matseldin sé ekki endilega flókin krefst hún natni og tíma í eldhúsinu sem launar manni ríkulega þegar sest er að borðum. Í Bourgogne var bragðað á þeim réttum sem nefndir hafa verið ásamt mörgu öðru góðgæti. Sniglarnir sem við fengum okkur voru þó bornir fram í rauðvínssósu, frábær réttur sem ég á alveg örugglega eftir að elda sjálfur hér heima. Annar frábær réttur sem mikla munnholsaðáun vakti var kanína í Dijonsinnepssósu, hreint útsagt

frábær réttur! Það þarf varla að taka það fram að öllum réttunum var svo skolað niður með frábærum vínnum héraðsins sem eru, ef maður einfaldar málið aðeins, gerð úr Chardonnay og Pinot Noir. Til að einfalda hlutina þá er mjög þægilegt að vita að ef maður er að drekka hvítvín á svæðinu þá er það úr Chardonnay og þau rauðu eru úr Pinot Noir, reyndar eru aðrar þrúgur leyfðar en höfum þetta einfalt. Ef maður endilega vill flækja málið þá skiptir máli frá hvaða vingarði og hvaða framleiðanda vínið kemur, því vín úr Pinot Noir eða Chardonnay eru gríðarlega fjölbreytt allt eftir hvaðan af svæðinu og úr hvaða vingarði þau koma og eins hver framleiðandinn er. Vínin geta mörg verið á viðráðanlegu verði og allt upp í verð sem venjulegur meðal Palli ræður ekki við.

Ég veit ekki hvort maður á að vera sorgmæddur eða glaður yfir því að þessi dýrindis vín fást ekki í Vínbúðunum, en það er víst að þegar maður sér hvað vín í þessum verðklassa kosta fær maður skelfilega samdráttarverki í veskið.

Á meðal svona vína er Montrachet talið eitt af bestu hvítvínunum heims. Ekki ómerkari maður en Alexandre Dumas, höfundur Greifans af Monte Cristo og fleiri þekktara verka, á að hafa sagt „Montrachet drekkur maður á hnjánum og tekur ofan“.

Það mun hafa verið þjóðflokkur frá Borgundarhólmi sem settist þarna að og mun nafn héraðsins komið frá þeim.

GOOGNE

Ég er staddur á lestarstöð í París og bíð eftir að lestin komi. Á meðan ég bíð virði ég fyrir mér minjagripi, á meðal þeirra er lyklakippa sem er eftirlíking af Eiffel turninum, einu helsta tákni Parísar. Það vill svo skemmtilega til að Gustave Eiffel, sem sennilega er þekktastur fyrir þetta verkfræðiafrik, er fæddur í Cote d'Or en þangað er ferðinni heitið. Þar ætla ég að skoða vínekrur, smakka gæðavín og gleðja minn nautnabelg með frábærum mat Búrgundarhéraðs.

Rómverjarnir komu síðan einhverju skikki á vínrækt og víngerð í héraðinu, síðar tóku munkar við og þróuðu vínræktina og víngerðina enn meir. Þeir voru iðnir við að gera ýmsar rannsóknir á víngröðum og jarðvegi þeirra. Innan héraðsins eru nokkur vínframleiðslusvæði.

Chablis er nyrsti hluti svæðisins, þaðan koma frábær hvítvín úr Chardonnay með steinefnakarakter og frískan ávöxt sem henta vel með fisk- og skelfiskréttum.

Víngarðarnir liggja beggja vegna þorsins sem svæðið er kennt við. Þeim er skipt upp í fjóra gæðaflokka: Í efsta flokki er Grand Cru, síðan premier Cru, Chablis og neðsti flokkurinn er petit Chablis. Flokkað er eftir jarðvegi og legu víngarðanna. Flest Chablis eru óeikuð, en eik er aðeins notuð í betri og kröftugri vínin.

Næst færur við okkur sunnar til miðhluta svæðisins sem kallast Côte d'Or eða gullnu hlíðarnar. Côte d'Or nær reyndar yfir tvö svæði; Côte de Nuits og Côte de Beaune. Það fyrirtalda er frægt fyrir hágæðarauðvín t.d. Gevrey-Chambertin og Vosne-Romaneé, það síðartalda er frægast fyrir hvítvín eins og t.d. Puligny-Montrachet og Chassane-Montrachet.

Sunnar eru svo Côte Chalonaise, Macon og að lokum Beaujolais. Ekki gafst tími til að kanna þessi svæði en hvað um það, ekki er yfir neinu að kvarta.

Ég læt hér fylgja nöfn á tveim áhugaverðum veitingastöðum á svæðinu ef einhver vill kynna sér.

Michelin staður Stephane Derbord Dijon

<http://www.restaurantstephanederbord.fr/en/plan.html>

Þetta er frábær staður og verðið gott. Við borðuðum fimm rétta kvöldverð sem varð að sjö réttum þegar upp var staðið. Þeim fannst merkilegt að sjá hóp Íslendinga á staðnum og kom sjálfur eigandinn úr eldhúsinu til að spjalla við okkur.

Veitingahús og hótél Le Bistro de L'Hotel

5 rue Samuel Legay, 21200 Beaune, France

<http://www.lhoteldebeaune.com/en/>

Þessi staður var valinn vegna þess að við vorum svöng og nálægt þessum stað og urðum ekki fyrir vonbrigðum. Bæði hægt að borða inni og eins úti á gangstétt.

Héraðið er fallett og skemmtilegt að fara þar um, sérstaklega vínvegin, skoða víngarða, líta við í þorpum og gæða sér á góðum mat og víni sem nóg er af.



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi

FRÉTTIR FURVÍNHEIMNUM



TAITTINGER OG FIFA DANSA NÚ SAMAN

Á stórkostlegum gala dinner í byrjun ágúst var tilkynnt að hið fræga knattspyrnulið New York Cosmos hefði verið endurvakið. Það var enginn annar en Pele sjálfur sem fenginn var til þess að vera heiðursgestur þessa kvöldverðar.

Við þetta sama tækifæri voru kynntir tveir nýir samstarfsaðilar alþjóða knattspyrnusambandsins. Þetta eru þeir vínframleiðendur sem vilja tengja sig við fótboltann fyrir næsta heimsmeistaramót, annars vegar hinn virti franskri kampavinsframleiðandi Taittinger og hins vegar Alta Vista, þekktur vínframleiðandi í Argentínu. Á heimsmeistaramótinu í Brasilíu á næsta ári verður sem sagt boðið upp á hvítt og rautt frá Alta Vista og skálað í Taittinger kampavíni í öllum heiðursstúkum þeirra valla sem spilað verður á.

Þetta er í fyrsta skipti sem FIFA gerir styrktarsamning við kampavinsframleiðanda og virðist því standardinn vera að hækka hjá sambandinu.



ER ÚTLENDINGUM EINHVER ALVARA MEÐ VÍNGERÐ Í BORDEAUX?

Það virðist ekki vera skoðun franska fjármálaráðuneytisins. Ráðuneytið hefur sent frá sér skýrslu um varasamar fjárfestingar í Frakklandi á árinu 2012. Þar er þess sérstaklega getið að miklar slíkar fjárhæðir hafi sést í viðskiptum með vínbúgarða. Sérstaklega er þess getið að þetta hafi snert kaup erlendra fjárfesta á þessum landareignum. Þær þjóðir sem sérstaklega eru nefndar eru Rússland, Kína og Úkraína. Fjársterkir aðilar í þessum löndum hafa verið að fjárfesta mikið í vínbúgörðum í frægustu vínræktarhéruðum Frakklands undanfarin ár.



ENN EIN HRAÐPROSKUNARGRÆJAN

Í gegnum tíðina hafa oft sést á markaði einhver tæki, eða græjur sem eiga að redda hraðproskun ungra vína í hvelli. En eins og svo oft hefur komið fram þá má þroska, eða mýkja, hörð ung vín með því að umhella þeim yfir í karöflu. Það er allavega þessi klassíska aðferð síðustu árhundruðin.

En nú berast af því fréttir að fyrirtæki í Bandaríkjunum sé búið að finna hina fullkomnu lausn á þessu. Það er fyrirtækið Clean Path Resources Corporation, sem hefur nú sagt frá því að það hafi hannað græju, sem með raf- og hljóðbylgjum mýkir vín og lækkar sýrustig þeirra. Það er ekkert annað!

Fulltrúi fyrirtækisins tjáði fréttamönnum að Wine Wizard (vintöframaðurinn) hefði fengið 85 – 90% jákvæðar niðurstöður frá 150 vinsérfræðingum sem smakkað hefðu vín sem hefðu fengið þessa raf- og hljóðmeðferð. Það er ekki lítil árangur í svona smakki.

Meðferðin í græjunni tekur allt frá 15 mínútum upp í eina klukkustund, allt eftir því hversu mjúkt eða bragðgott vinið á að verða. Herlegheitin eru áætluð í sölu í Bandaríkjunum á seinni hluta ársins og getum við því hlakkað til þess að hugsanlega verði græjan í jólapakkanum í ár.



RAUÐVÍN VERÐUR SÍFELLT HOLLARA

Vísindamenn við University of British Columbia í Kanada hafa nú birt merkar niðurstöður úr efnagreiningum, sem þeir unnu á nokkrum tegundum rauðvína. Í þessum tilraunum fundu þeir 23 áður óþekktar tegundir af svokölluðum Stilbenoids. Þessi efni munu vera náskyld öðru efni sem kallast Resveratol, en jákvæð áhrif þess hafa verið þekkt um langa hríð.

Það sem er jákvætt við þessi efni er að þau finnast í náttúrulegu formi í vínberjunum sem notuð eru til víngerðarinnar, en þekkt er að þau hafi jákvæð áhrif á marga þekkta öldrunarsjúkdóma.

Vínviðurinn framleiðir þessi efni sér til varnar, aðallega til þess að verjast margskonar myglu og annarri óáran sem fylgir miklum raka eða rigningum. Vínviðurinn notar sem sé þessi varnarefni líkt og maðurinn, en þau eru svokölluð andoxunarefni sem skila sér í vínið við gerjun. Andoxunarefni hafa verið viðurkennd sem vörn gegn sjúkdómum í hjarta og æðum, Alzheimer og krabbameini. Þessi nýja uppgötvun er þó bara byrjunin þar sem nú fara í hönd rannsóknir á virkni allra þessara efna og notkunarmöguleikum í framtíðinni.

Það sem vekur upp spurningar um þessar fjárfestingar er að ráðuneytið hefur orðið vart við að allt er gert til þess að flækja eða fela það hver er hinn raunverulegi kaupandi. Stofnuð eru eignarhaldsfélög í löndum sem bjóða skattaskjól sem gerir það að verkum að erfitt er að fá upplýsingar um það hver hinn raunverulegi kaupandi er og hvaðan fjármunirnir sem notaðir eru til kaupanna eru upprunnir.

Þessi skýrsla Frakkanna kemur í kjölfar yfirlýsingar bankastjóra People's Bank of China, en hann lýsir stórum áhyggjum af því að peningabætti sé að verða alvarlegt vandamál í Kína. Þar segir að Kínverjar hafi misst rétt um fjóra milljarða dollara út úr sínu hagkerfi á árunum milli 2000 og 2011.

Er þetta ekki svolítið 2007 þarna ennþá?



Gissur Kristinnsson
vínráðgjafi



Það þekkja margir Júlía vínráðgjafa í Heiðrónu og hafa fleiri en færri fengið góð ráð hjá honum þegar velja á vín með mat. Júlí er Eyjamaður, tekur þátt í lundaveiði og hefur mikinn áhuga á útivist. Hann er mikill matgæðingur og hefur gaman af eldamennsku bæði heima og úti í náttúrunni.

Það virðist sameiginlegt með matgæðingum að þeir eiga allir einhverjar minningar um mat og stundum matar og vínpörun sem fær andlit þeirra til að ljóma af ánægju við að rífa upp þá sælustund er þeir nutu tiltekinnar máltíðar. Júlí er einn af þeim og fékk ég hann til að deila með okkur einni slíkri eftirminnilegri vín- og matarupplifun.



GOTT LUNDAFAR

Ein af mínum eftirminnilegri upplifunum með lunda sem hráefni er lundi að grískum hætti. Ég hafði verið að glugga í matreiðslubók hjá systur minni og rakst þar á gríska uppskrift sem hafði að geyma geitakjöt. Einhverra hluta vegna datt mér í hug að skipta út geit fyrir lunda ásamt nokkrum smá breytingum.

Þetta hreinlega steinlá og ég tala nú ekki um þegar þessu var skolað niður með rauðvíni frá Ribera del Duero, en vínin frá því svæði á Spáni eru hreint út sagt frábær villibráðarvín. Þau eru yfirleitt dökk með mjúkan og þéttan berjakeim og oft með eikar- og kryddtóna. Oftast er maður ánægður með matinn og vínið en í þetta sinn gerðist eitthvað, þetta bara klingdi saman, íslenskur sjófugl úr Eyjum og rauðvín frá Ribera del Duero. Ef eitthvað er hægt að finna sameiginlegt með þessum svæðum þá er það veðrið sem er öfgafullt á báðum stöðum.

LUNDI - AÐ GRÍSKUM HÆTTI

Hráefni

5-6 lundar

1 kúrbítur

Góðar svartar ólífur

1 ½ bolli af furuhnetum

1 dós af sýrðum rjóma

1 lítil rauðlaukur, smátt saxaður

Salt og pipar

Nokkur salatblöð til skreytingar

Aðferðin

Þetta er í sjálfu sér ákaflega einfalt. Sjóðið lundann varlega upp á gamla mátann í 2-3 tíma og látið hann kólna. Það er nefnilega þannig með lundann að annað hvort þarf að elda mjög stutt eða lengi.


Þurrstið furuhneturnar. Skerið kúrbítinn í hæfilegar sneiðar og léttsteikið á pönnu. Skerið bringurnar í hæfilega bita og setjið þær ásamt kúrbít og ólífum á disk skreyttan með fallegum salatblöðum. Stráið síðan furuhnetunum yfir lundafallið.

Að lokum er saxaða rauðlaukunum blandað saman við sýrða rjómann og kryddað með salti og pipar eftir smekk og þessi einfalda kalda sósa borin fram með réttinum.

Það góða við þessa uppskrift er að auðvelt er að ferðast með hráefnið og blanda síðan á staðnum sannkallað „lundafar“.



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi

A photograph of a woman in a bar with a pig nose. She is wearing a light-colored, ruffled top and holding a drink with a straw. The background shows other people and a bar counter.

Láttu ekki vín breyta þér í svín
Drekktu eins og manneskja

 VÍNBUÐIN

vinbudin.is

BOEUF BOURGUIGNON

Það eru fáar franskar uppskriftir þekktari en einmitt Boeuf Bourguignon eða hægeldað nautakjöt í rauðvínssósu að hætti Búrgúndarbúa.

Þegar ég útbý þennan rétt hljómar alltaf í eyrum mínum sérkennilega röddin hennar Juliu Child en hún kynnti franska eldhúsið fyrir Bandaríkjamönnum með útgáfu bókarinnar Mastering the art of french cooking. Hún hélt einnig úti matreiðsluþáttum í mörg ár sem urðu mjög vinsælir. Meril Streep gerði síðan karakter hennar ógleymanlegan í kvikmyndinni Julie & Julia sem gerð var um ævi Juliu Child.

Það eru til margar útfærslur af þessum rétti þó að hann sé í grunninn svipaður og hef ég horft til gömlu útgáfunnar með smá einföldunum.

INNIHALD:

- Nokkrar sneiðar af góðu (þykku) beikoni
- 3-4 msk. ólífuoía
- 1 1/2 kg af nautakjöti, mjaðmasteik eða svipaður biti, skorin í stóra bita
- 1 laukur í sneiðum
- Salt og pipar
- 2 msk. hveiti
- 3 bollar af rauðvíni (gjarnan frá Búrgúnd)
- 3 bollar af góðu nautasoði
- 1 msk. tómattykkni
- 2 hvítlauksrif
- 1/2 tsk. þurrkað timjan
- 1 lárviðarlauf
- 20 perlulaukar
- 3 1/2 msk. smjör
- Steinselja ¼ úr búnti, tsk. timjan og lárviðarlauf allt bundið í grisju (kryddvönd)
- 500 g sveppir skornir í fjórðung

Forhitið ofninn í 230°.

Nokkrar sneiðar af góðu beikoni skorið í sneiðar og léttsteikt.

Þerrið kjötbitana og snöggsteikið fáa í einu á snarpheitri pönnu og komið þeim því næst fyrir í góðum ofnpotti með loki. Stráíð helmingi af salti, pipar og hveitinu yfir bitana og setjið í vel heitan ofninn án loks og steikið í 5 mín. Takið síðan út og veltið bitunum og setjið aftur inn í ofninn í aðrar 5 mínútur.

Lækkið því næst hitann á ofninum í riflega 160 gráður, bætið í víni, tómattykkni, hvítlauk, beikoni og kjötsoði þannig að rétt fljóti yfir kjötið. Hitið á hellu og sjóðið í nokkrar mínútur án loks. Setjið síðan neðarlega í ofn og látið hægjóða í 3-4 tíma.

Hitið hluta af smöri og olíu á pönnu og steikið laukinn á meðalhita þannig að hann brúnist sem jafnast. Bætið á pönnuna ½ bolla af kjötsoði auk kryddvandarins, saltið síðan og piprið eftir smekk og sjóðið undir loki við vægan hita í 40-50 mínútur.

GNON

Takið laukinn frá ásamt kryddvendum og hellið rest af soðinu ef eitthvað er eftir. Smjörsteikið síðan sveppina á snarpheitri pönnu þannig að þeir fái lit, takið þá því næst af pönnunni og geymið með lauknum.


Bætið að lokum lauknum og sveppunum saman við kjötið og hitið. Þykkið síðan eftir þörfum og skreytið með smá steinselju. Best að bera fram með kartöflumús.

Þennan rétt tekur smá tíma að elda en hann er að mínu mati vel þess virði.



Bon appétit!

Július Steinarsson
vínráðgjafi



GYLLTA GLASIÐ

2013

KEPPNIN UM GYLLTA GLASIÐ 2013
VAR HALDIN Í 13. SINN UNDIR STJÓRN
VÍNÞJÓNASAMTAKA ÍSLANDS



Í ár var verðflokkur vína í keppni frá 2.490 kr. til 3.500 kr. og máttu vínin koma frá öllum heiminum og völdu vínbirgjar vínin sem þeir lögðu til í þessa keppni.

Vínin voru smökkuð blint af sérstakri dómnefnd sem Vínþjónasamtökin boðuðu til á Hótel Hilton Nordica mánudaginn og þriðjudaginn 13.-14. maí.

Í ár fékk hinn almenni neytandi að sitja í dómnefnd og smakka vínin með færustu smökkurum landsins, vínþjónum, vínrynum, fagmönnum og öðrum sérvöldum smjattpöttum. Alls voru það 36 manns sem smökkuðu og dæmdu vínin samkvæmt Parker skala. Yfirdómari var Alba E. H. Hough vínþjónn ásamt sérlegri aðstoðarkonu sinni Sigrúnu Þormóðsdóttur.

Þátttakan í Gyllta glasiu í ár var mjög góð en alls skiluðu sér 97 vín til leiks frá 10 vínbirgjum.

10 hvítvín og 10 rauðvín urðu svo fyrir valinu og hlutu Gyllta glasið 2013. Vínin verða sérmerkt í Vínbúðum með merki Gyllta glassins og gildir það fyrir árganginn sem fékk verðlaunin.

Vínþjónasamtökin vilja þakka öllum birgjum fyrir frábæra þátttöku og óska sigurvegurum til hamingju.



VERÐLAUNAVÍN - GYLLTA GLASIÐ 2013

HVÍTVÍN	VERÐ	VÍNBIRGI
Bourgogne Cote Chalonnaise Francois d'Allaines 2011	2.740 kr.	Vínekran
Dopff & Irion Gewurztraminer 2011	2.999 kr.	Ölgerðin
Jacob's Creek Winemakers Reserva Chardonnay 2011	2.999 kr.	Mekka
Marques de Casa Concha Chardonnay 2009	2.999 kr.	Mekka
Montes Alpha Chardonnay 2012	2.999 kr.	Globus
Spy Valley Sauvignon Blanc 2011	2.490 kr.	Vífilfell
Trimbach Riesling 2011	2.698 kr.	Globus
Trivento Golden Reserve Chardonnay 2011	2.999 kr.	Globus
Vicars's Choice Riesling 2009	2.499 kr.	Haugen
Willm Pinot Gris Reserve 2011	2.750 kr.	Haugen
RAUÐVÍN		
Chateau La Sauvageonne Cuvée Pica Broca 2010	2.999 kr.	Globus
Chateau Lamothe Vincent Héritage 2010	2.690 kr.	Haugen
Gerard Bertrand Grand Terroir Tautavel 2010	2.999 kr.	Globus
Pujol La Montadella 2006	2.889 kr.	Vínekran
Quinta Dos Quatro Ventos 2009	3.199 kr.	Vistir
Tenuta Sant'Antonio Monti Garbi Ripasso 2010	2.999 kr.	Globus
Trivento Golden Reserve Malbec 2011	2.999 kr.	Globus
Trivento Golden Reserve Syrah 2011	2.999 kr.	Globus
Vina Maipo Gran Devoción Syrah/Viognier 2011	2.799 kr.	Karl K Karlsson
Zorzal Grand Terroir Cabernet Sauvignon-Malbec 2010	2.999 kr.	Vífilfell

Hilton Hótel á hrós skilið fyrir að lána okkur topp aðstöðu fyrir smökkunina. Einnig Alba og hennar teymi, Sigrún, Steingrímur og Ástþór, fyrir frábært skipulag og úrvinnslu á keppninni.



f.h. Vínþjónasamtaka Íslands
Þorleifur Sigurbjörnsson
Ritari/gjaldkeri



FJÖLNOTA ER FRAMTÍÐIN

ENDINGARGÓÐUR OG LÉTTUR, ÓDÝR
OG MIKLU FALLEGRI INNKAUPAPOKI



ENNEMM / SÍA / NM55367

Á hverju ári enda 20 milljónir plastpoka á íslenskum ruslahaugum eftir aðeins eina notkun. Látum það heyrast fortíðinni til. **Fjölnota er framtíðin!**

 VÍNBUÐIN

vinbudin.is

FJÖLBREYTNÍ BJÓRS

FJÖLBREYTNÍ BJÓRS Í HEIMINUM ER VÆGAST SAGT ÓTRÚLEG!

Hefðbundnir bjórstílar skipta hundruðum og tilraunaglöð smábrugghús nútímans brugga bæði gamla stíla og ansi skrautleg tilbrigði við þá. Þrátt fyrir þessa ríkulegu flóru er langstærstur hluti bjórsölnunnar á mjög þröngu sviði; fremur bragðfíll og mildur ljós lagerbjór. Vitaskuld er ekkert út á slíkan bjór að setja enda getur hann verið mjög góður og margir sem vilja hafa hann léttan. Engu að síður getur verið gaman að prófa eitthvað nýtt og kynnast öðrum og ólíkum kimum bjórheimsins. Vonandi varpar þessi grein ljósi á það sem í boði er í hinum ævintýrlega heimi bjórsins og opnar augu lesandans fyrir einhverju nýju sem vekur löngun til kynnast fleiri gerðum af bjór.

PÖRUN BJÓRS OG MATAR

Pörun bjórs og matar miðast yfirleitt við sömu einföldu þumalputtareglur og pörun matar og víns, þ.e. létt með léttu, súrt með súru, o.s.frv., en bjór hefur einnig beiskju sem gerir pörun hans við mat afar skemmtilega. Beiskjan dregur úr sætubragði, tónar vel með kryddi í matnum og gerir bjórnum kleift að takast á við bragðmikinn mat. Eins og alltaf er smekkur manna misjafn og það sem einum þykir góð pörun getur öðrum þótt slök. Hér á eftir koma nokkrir punktar sem getur verið gott að styðjast við en ber frekar að taka sem leiðbeiningum en heilögum sannleika á meðan maður gerir sjálfur tilraunir. Hver veit, þú gætir dottið niður á eitthvað alveg magnað!

Ljós lager er bragðléttur bjór og því bestur með léttum réttum og fínlegum mat, svo ekki sé talað um hinn laufletta Lite-bjór, sem gengur eiginlega best með snakki. Kryddmeiri og beiskari frændinn Pilsener er prýðilegur með fiski og gengur einnig vel með pasta og pizzum, enda tónar grösugleikinn vel við laufkryddinn í sósunni. Mildari Cheddar-ostar eða milliproskaðir Gouda og Emmenthal eru finir með ljósum lager.

Dökkur lager hefur mjúkan, ristaðan keim svo að hann passar vel með ljósu kjöti, mexíkóskum mat og böfum. Schwarzbier er mikið ristað afbrigði, getur gefið af sér kaffi-, súkkulaði- og lakkrístóna og hentar því best með grilluðum og brösuðum mat, þar sem brenndir tónar koma fyrir. Einnig góður með harðostum og rauðmygluostum sem fara ekki alveg út í öfgar.

Bock er kraftmikill lagerbjór með þéttum maltgrunni sem gefur bjórnum nokkra sætu. Hann er til ljós og upp í koparrauðan, og hentar vel með reyktum eða sterkrydduðum mat, grillmat og bragðmiklum ostum. Doppelbock er þéttara og svolítið beiskara afbrigði sem er eins og skapað fyrir lyktarmikla osta.

Ljóst öl, eins og Blonde og Pale ale, er fremur léttur bjór með fínlegum kornkeim, stundum örflitilli sætu og nettri humlabeiskju og nokkrum steinefnatón.

Ljóst öl er gott með krydduðum (en ekki sterkum) mat, kjúklingi og borgurum, geitaostum og mildari föstum ostum. India pale ale (IPA), sem er bragðmeira og beiskara, þolir meiri kryddhita og er því frábært með karriréttum. Ljóst öl á vel við býsna mikið proskaða osta og er ágætt með blámygluostum. Sterkara ljóst öl, eins og t.d. belgískt Tripel, getur farið mjög vel með léttari villibráð og bragðmiklum og ilmsterkum geita- eða hvítmygluostum.

Brúnn bjór eins og Mild, Brown ale og Kölsch er fremur léttur og hefur mjúka ristaða tóna, einnig hefur hann oft nokkurn karamellukeim sem gerir hann hentugan með t.d. grilluðum laxi, ljósu kjöti, reyktum mat og þroskuðum pylsum. Fastir ostar sem eru ekki allt of lyktarmiklir, proskaðir geitaostar og stökkir ostar passa einnig vel með brúnum bjór. Beiskari brúnn bjór, eins og Bitter og Altbier, kallar á meiri þyngd í matnum eins og til dæmis grillað svína- eða lambakjöt en gengur einnig ansi vel með feitari fiski. Sterkara brúnt öl eins og Old ale, Strong ale, Dubbel og Quadrupel, sem er bragðþéttara og heitara sökum aukins vínanda, smellpassar með lambi, nautasteik og villibráð. Það kallar einnig eftir meiri proska í ostunum.



Svartur bjór inniheldur mikið af

dökkristuðu korni sem gefur ristaða og brennda tóna. Írskur Stout, sem er fremur bragðléttur og þurr, gengur merkilega vel með skelfiski en hann hentar líka vel með grillmat þar sem brennt bragðið tónar við bjórinn. Enskur Stout og Porter er þéttari og með mýkri maltsætu sem gerir það að verkum að hann þolir bragðmeiri mat og kryddaðri. Grillaður matur, villibráð og jafnvel sterkur matur ganga vel. Flestir þroskaðir, fastir ostar eru góðir með svörtum bjór og þeir mega alveg vera nokkuð lyktarmiklir.

Hveitibjór er, eins og nafnið gefur til kynna, gerður að meirihluta úr hveiti. Hveitið gefur bjórnum nokkuð skemmtilegan kryddkeim sem getur minnt á pipar og negul. Oft er þessi bjór skýjaður sem tryggir rétta keiminn. Belgískur Wit er bragðléttur og frísklegur bjór sem hefur verið kryddaður með kóríander og appelsínuberki. Skelfiskur, grænt salat eða ferskir ostar eru glæsileg pörum með þessum bjór.

Þýskur Weissbier hefur miðlungs bragðfyllingu og getur því tekist á við bragðmeiri mat, en er þó bestur með ljósu kjöti eða fiskréttum, hvort sem er sushi eða ofnbökuðum fiski. Geitaostar, hvítmygluostar og ferskir ostar henta vel með hveitibjórnum. Dunkelweizen er dökkt afbrigði sem er best með grillkjöti og léttum, föstum ostum. Weizenbock er bragðmeira afbrigði af dökka hveitibjórnum sem hreinlega kallar á léttari villibráð eða reyktan mat, ásamt þroskuðum, föstum ostum.

Súr bjór er nokkuð algengur í Belgíu en hann súrnar, líkt og jógúrt, fyrir tilstilli mjólkurgerla. Þessi súrleiki gefur bjórnum afar frískandi bragð en oftast er um mjög bragðléttan bjór að ræða sem hentar best með léttum mat, salati, ávöxtum, eftirréttum eða ferskostum. Frá Belgíu mætti helst nefna frísklega Lambic og Gueuze, ávaxtabætta Kriek og Frambozen, þar sem heil kirsuber (kriek) og hindber

(frambozen) hafa verið gerjuð með bjórnum og gefa honum þétt ávaxtabragð. Einnig eru framleidd í Flanders mikið þroskuð og tunnulageruð rauðöl og brúnöl, sem hafa allt annan bragðprófil, með keim af þurrkuðum ávöxtum og eik. Berliner weisse er klassískur hveitibjór framleiddur í Berlín, með frískandi súrum keim, en til eru afbrigði af honum þar sem ávaxtasírópi hefur verið bætt saman við. Bragðbættur bjór getur verið mjög skemmtilegur. Algengast er að hann sé bruggaður með kaffi eða súkkulaði en nota má nokkurn veginn hvað sem er; kanil, negul, lakkrís, karamellu eða chili svo eitthvað sé nefnt. Þessi bjór er í mörgum tilvikum bestur einn og sér eða með eftirréttum en það fer reyndar alveg eftir bragðjafanum.



HRÁEFNI Í BJÓRGERÐ

VATN

Langstærstur hluti bjórs er vatn. Nauðsynlegt er að vatnið sé hreint og tært og umfram allt hæft til manneldis. Vatnið þarf einnig að búa yfir nægjanlegum næringarefnum, þ.e. steinefnum og sóltum, til að hjálpa gerinu að vinna sína vinnu. Á sumum stöðum getur vatnið hins vegar verið svo auðugt af steinefnum að bragðkeimur og áferð bjórsins bera þess merki. Hart vatn, þ.e. steinefnaríkt vatn, hentar oftast betur í bragðmikinn bjór, meðan fínleikinn í mjúku vatni hentar betur í fingerðan bjór. Annað er ekki betra en hitt en vatnið getur vissulega verið mishentugt, allt eftir því hverjar þarfir bruggmeistarans eru.

MALT

Bygg hefur verið mönnum, sérstaklega bjórgerðarmönnum, mikilvægt allt frá fornöld. Sumir ganga svo langt að fullyrða að bjórgerð hafi orðið til þess að landbúnaður hófst þegar flökkupjóðir til forna settust að til að rækta korn, hveiti fyrir brauð og bygg fyrir bjór. Þegar korn er látið spíra kallast það malt. Ef bjórgerðarmenn tilgreina ekki hvaða tegund korns er notuð í maltið má slá því föstu að um sé að ræða bygg, algengustu korntegundina í bjórgerð. Við spírun brotnar sterkja kornsins niður að hluta svo að það verður hentugra til bjórgerðar. Eftir að spírun er lokið er kornið þurrkað. Hærrí hiti og lengri þurrkunartími gefa af sér dekkra malt, með ristaðri keim, en dekkstu tegundir malts gefa gjarna frá sér súkkulaði-, kaffi- og lakkrístóna. Oft inniheldur ljós bjór eilítið af dökku malti, til að krydda bjórin, en í flestum tilvikum eru notaðar nokkrar tegundir af misdökku malti til að bjórin fái rétt bragðjafnvægi.



HUMLAR

Humall er klifurjurt sem hefur verið nýtt í lækningaskyni frá örófi alda en hefur í gegnum tíðina verið misvinsæl í bjórgerð og jafnvel bönnuð á sumum stöðum. Nú er svo komið að humlalaus bjór telst vandfundinn þótt hann sé vissulega til. Ef humlum er sleppt, verður að nota einhverja aðra kryddjurt til að jafna út maltsætuna í bjórnum, sem annars yrði væminn. Það eru blóm humalsins sem eru notuð í bjórgerðina. Útlit þeirra minnir á köngul en auk beiskju gefa þau bjórnum bragð og ilm. Ilmurinn getur minnt á gras og greni og jafnvel ávaxtaríka tóna af sítrus og mangó.

GER

Auk þess að vera lykilatriðið í bjórgerð, með því að umbreyta sykri í vínanda, er gerið ábyrgt fyrir grunnskilgreiningu bjórstíllanna, þ.e. hvort bjórinn telst undirgerjaður eða yfirgerjaður. Í fyrra tilfallinu safnast ákveðinn stofn gers saman við botn gerjunartanksins, meðan annar stofn gers safnast saman við yfirborð vökvans. Undirgerjaður bjór er kallaður lagerbjór en yfirgerjaður bjór kallast öl (e. ale). Helsti munurinn á þessum tveimur flokkum er sá að lagerbjór hefur oft þurrari maltkeim, sem segja má að minni á kex, meðan öl er meira eins og formkaka, þ.e. aðeins meiri sætukeimur í korninu.

ANNAÐ HRÁEFNI

Ýmis önnur hráefni er hægt að nota í bjórgerð, t.d. aðrar korntegundir. Hver korntegund hefur einkennandi bragð en maís og hrísgrjón eru yfirleitt notuð til að gefa sem minnst bragð. Þannig er hægt að fá gerjanlegan sykurlaus þess að auka bragðfyllingu en til þess er einnig hægt að nota sterkju eða hreinlega bara sykurlaus. Hrásykur og hunang gefa bjórnum augljóslega sinn keim en aðrir bragðgjafar eru gjarna notaðir til að bragðbæta bjór. Þar koma ávextir sterkir inn og einnig kaffi, súkkulaði, kryddjurtir o.s.frv.

FRAMLEIÐSLAN

MÖLTUN

Þetta fyrsta skref í bjórframleiðslunni fer oftast fram utan ölgerðarinnar, enda ná sérhæfðar möltunarstöðvar yfirleitt betri árangri og jafnari gæðum í vörunni og tiltölulega lægri kostnaði. Þetta er fremur plássfrekt verk og því fylgir talsverð vinna, sem getur orðið ansi kostnaðarsöm fyrir lítil brugghús. Fyrst þarf að setja kornið í vatnsbað til að það drekki í sig sem mest af vökva. Við það kviknar líf í korninu og það byrjar að spíra. Kornid er breitt út á möltunargólfid og því snúid reglulega næstu daga til að rakinn sé jafn alls staðar. Loks þegar vaxtarsproti kornsins er orðinn nægjanlega langur er það tilbúid til þurrkunar en þurrkunarferlið ákvarðar hversu dökkt maltið verður, allt eftir þörfum bruggmeistarans.

MESKING

Á þessu framleiðslustigi er vökvinn undirbúinn fyrir gerjun. Blandað er saman vatni og möluðu maltinu og búin til eins konar súpa. Blandan er hituð til að ensím, sem finnast í korninu, geti brotið niður sterkjuna í gerjanlegan sykurlaus. Að þessu loknu er blandan soðin til að allt nái að samlagast. Á þessum tímamarki er humlum bætt út í til að gefa beiskju. Þar sem ilmefni humlanna gufa hratt upp við suðu er hluti þeirra settur seint í suðuna eða jafnvel eftir að henni lýkur. Að suðu lokinni er vökvinn kældur niður í æskilegt gerjunarhitastig.

GERJUN

Þegar vökvinn hefur kólnað nægjanlega mikið er gerinu bætt saman við. Eftir að gerið er búid að vinna sína vinnu hefur allur gerjanlegur sykurlaus í vökvunum þurrkast upp. Eithvað af flóknari sykursameindum verða þó eftir sem gefa bjórnum fyllingu og örlitinn sætukeim. Hitastig gerjunarinnar hefur mikið að segja um karakter bjórsins. Lagerbjór er almennt kaldgerjaður á meðan öl er yfirleitt gerjað við hærri hita, sem getur gefið bjórnum meiri karamellukeim og einnig meiri ávaxtatóna.

Helstu flokkar bjórs

<div data-bbox="151 315 359 519"> <p>Léttur ljós lager</p> </div> <div data-bbox="379 344 901 412"> <p>Í þessum flokki er að finna lagerbjór sem er bæði bragðmildur og með lágu áfengisinnihaldi, eða undir 4,5%. Hér eru hinir tiltölulega nýju „lite“ bjórar áberandi.</p> </div> <div data-bbox="783 472 887 504"> </div>	<table border="1"> <tr> <td>Keimur</td> <td>Hlutlaus</td> <td>Mildur</td> <td>Sterkur</td> </tr> <tr> <td>Mýkt</td> <td>Mjög léttur</td> <td>Léttur</td> <td>Mjúkur</td> </tr> <tr> <td>Styrkleiki</td> <td>Mjög veikur 3%</td> <td>Veikur 4,4%</td> <td>Miðlungs 4,5%</td> </tr> <tr> <td>Beiskja</td> <td>Hverfandi</td> <td>Lítil beiskja</td> <td>Meðal-beiskja</td> </tr> </table>	Keimur	Hlutlaus	Mildur	Sterkur	Mýkt	Mjög léttur	Léttur	Mjúkur	Styrkleiki	Mjög veikur 3%	Veikur 4,4%	Miðlungs 4,5%	Beiskja	Hverfandi	Lítil beiskja	Meðal-beiskja
Keimur	Hlutlaus	Mildur	Sterkur														
Mýkt	Mjög léttur	Léttur	Mjúkur														
Styrkleiki	Mjög veikur 3%	Veikur 4,4%	Miðlungs 4,5%														
Beiskja	Hverfandi	Lítil beiskja	Meðal-beiskja														
<div data-bbox="151 537 359 741"> <p>Miðlungs ljós lager</p> </div> <div data-bbox="379 566 901 678"> <p>Í flokki miðlungs, eða klassískra lagerbjóra er að finna mest seldu bjórana. Hér raða sér inn hin stóru heimsþekktu vörumerki, ásamt þeim mest seldu íslensku. Til þess að ramma inn þennan flokk bjóra er auðvitað fyrst stuðst við lítinn en síðan er áfengisinnihaldið einnig afmarkandi. Áfengisinnihald hins venjulega ljósa lagers liggur á milli 4,5% og 6,4%.</p> </div> <div data-bbox="639 694 887 725"> </div>	<table border="1"> <tr> <td>Keimur</td> <td>Hlutlaus</td> <td>Mildur</td> <td>Sterkur</td> </tr> <tr> <td>Mýkt</td> <td>Mjög léttur</td> <td>Léttur</td> <td>Mjúkur</td> </tr> <tr> <td>Styrkleiki</td> <td>Mjög veikur 3%</td> <td>Veikur 4,4%</td> <td>Miðlungs 4,5%</td> </tr> <tr> <td>Beiskja</td> <td>Hverfandi</td> <td>Lítil beiskja</td> <td>Meðal-beiskja</td> </tr> </table>	Keimur	Hlutlaus	Mildur	Sterkur	Mýkt	Mjög léttur	Léttur	Mjúkur	Styrkleiki	Mjög veikur 3%	Veikur 4,4%	Miðlungs 4,5%	Beiskja	Hverfandi	Lítil beiskja	Meðal-beiskja
Keimur	Hlutlaus	Mildur	Sterkur														
Mýkt	Mjög léttur	Léttur	Mjúkur														
Styrkleiki	Mjög veikur 3%	Veikur 4,4%	Miðlungs 4,5%														
Beiskja	Hverfandi	Lítil beiskja	Meðal-beiskja														
